



FUNDARGERÐ 510. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 15. janúar 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson og Svana Helen Björnsdóttir.

Sækja fjarfund: Kristinn Andersen, í fjarveru Valdimars Víðissonar.

Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja staðfund. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri boðar forföll.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Aðgerðaáætlun vegna lokun Dalvegjar

Í september árið 2022 barst SORPU erindi frá bæjaryfirvöldum í Kópavogi þar sem farið var fram á að lóðinni sem endurvinnslustöðin við Dalveg stendur á yrði skilað þann 1. september 2024. SORPA brást við erindinu með stofnun starfshóps, sem lagði í apríl 2023 til nýja staðsetningu fyrir endurvinnslustöð í stað stöðvarinnar við Dalveg. Þar sem sú staðsetning þótti ekki henta var öðrum starfshóp falin leit að annarri staðsetningu í desember árið 2023. Sumarið 2024 komust Kópavogsbær og SORPA að samkomulagi um að fresta skilum á lóðinni við Dalveg til 1. september 2025. Seinni starfshópurinn skilaði svo niðurstöðu, þar sem lagt var til að ný stöð yrði á Glaðheimasvæðinu í Kópavogi. Hópurinn áætlaði að tvö til fjögur ár taki að koma stöðinni í virkni. Því verða fimm endurvinnslustöðvar SORPU á höfuðborgarsvæðinu í stað sex í eitt til þrjú ár þar til ný stöð opnar. Til að mæta þeim áskorunum sem skapast vegna lokunar stöðvarinnar við Dalveg leggja stjórnendur SORPU fram aðgerðaáætlun til að draga úr neikvæðum áhrifum þessara breytinga.

Sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs gerir grein fyrir aðgerðaáætluninni.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

Kynning fylgir fundargerð.

2. Endurfjármögnun á láni

Í fjárhagsáætlun SORPU bs. fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir endurfjármögnun á eingreiðsluláni hjá Íslandsbanka. Var sú fyrirætlun kynnt í fjárhagsáætlun SORPU bs. og var hún samþykkt af stjórn á fundi nr. 507. dags 18.10.2024 og á eigendafundi nr. 51, dags 25.10.2024.

SORPA bs. óskar eftir heimild eigenda til að endurfjármagna lánið hjá Íslandsbanka nr. 505200687 frá dags 20.2.2019 að fjárhæð krónur 666.666.670,-. Lánið gjaldfellur dags 05.06.2025. Vaxtakjörin á láninu eru 10,75% og er SORPA bs. komin með lánsloforð hjá LSS til endurfjármögnunar á umræddu eingreiðsluláni með fyrirvara um samþykki stjórnar og eigenda SORPU bs.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um endurfjármögnunina. Stjórn samþykkir endurfjármögnunina og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

Minnisblað fylgir fundargerð.



3. Gallup viðhorfskönnun til SORPU.

Árlega er gerð könnun meðal landsmanna um neysluvenjur. SORPA kannar í henni hug íbúa á höfuðborgarsvæðinu til flokkunar úrgangs, þjónustu SORPU, ímyndar hennar og hvað megi betur fara í starfsemi byggingasamlagsins.

Sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasvið gerir grein fyrir helstu niðurstöðum könnunar Gallup.

Kynning fylgir fundargerð.

4. Önnur mál

Undanfarna mánuði hafa stjórnendur SORPU og forsvarsmenn hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu átt í samtali vegna móttöku á hrossataði. Forsvarsmönnum hestamannafélaganna þykir gjaldskrá fyrir móttöku hrossataðs í Álfsnesi há, eða 25,68 krónur á kíló með virðisaukaskatti. Áðurnefndir aðilar hafa leitað leiða til að lækka gjaldskrá og hefur því samtali miðað vel. Á fundi sem aðilar áttu þann 14. janúar 2025 kom í ljós að forsvarsmenn hestamannafélaganna hefðu fundið hrossataði farveg sem myndi nýtast þeim tímabundið, væri í samræmi við kröfur til meðhöndlunar þess og væri hagstæðari en farvegur SORPU.

Starfskjaranefnd kom saman í desember 2024 og kemur aftur saman í janúar.

Áhættunefnd, sem kemur saman á tveggja vikna fresti, vinnur að undirbúningi áhættuskýrslu. Stefnt er að framlagningu skýrslunnar í drögum á fundi stjórnar í febrúar.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 5. febrúar klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:00.

Lokun Dalveggar

Aðgerðir sem grípa þarf til í tengslum við
lokun endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg



Forsaga lokunar við Dalveg

- Bréf Kópavogsbæjar til SORPU í **september 2022**, um skil lóðarinnar við Dalveg 1. september 2024
- Starfshópur leggur til í **apríl 2023** nýja staðsetningu fyrir nýja endurvinnslustöð
- Öðrum hópi komið á fót í **desember 2023** til að finna aðra staðsetningu
- Lokun á Dalvegi seinkað til 1. september 2025 með samkomulagi Kópavogsbæjar og SORPU
- Seinni starfshópur leggur til í **nóvember 2024** lóð á Glaðheimasvæðinu
- Hópurinn telur að taka muni tvö til fjögur ár að koma nýrri stöð í virkni
- Fimm stöðvar verða því á höfuðborgarsvæði í stað sex að óbreyttu í **eitt til þrjú** ár

Heimsóknir á endurvinnslustöðvar árið 2024



- Ánanaust 181.218 – 18%
 - Blíðubakki 66.171 – 7%
 - Breiðhella 174.949 – 18%
 - **Dalvegur 178.310 – 18%**
 - Jafnasel 140.495 – 14%
 - Sævarhöfði 241.688 – 25%
-
- Samtals 982.831 heimsóknir – 3% fjölgun frá 2023

Á hvaða endurvinnslustöð SORPU ferð þú oftast?

Greiningar

Búseta á höfuðborgarsvæðinu

Mið- og Vesturbær, Seltjarnarnes

Hlíðar, Laugardalur, Háaleiti

Breiðholt

Árbær, Grafarholt

Grafarvogur, Kjalarnes


Mosfellsbær

Kópavogur

Garðabær

Hafnarfjörður

Fjöldi



■ Reykjavík - Ánanaust ■ Reykjavík - Jafnasel ■ Reykjavík - Sævarhöfði ■ Hafnarfjörður - Breiðhella ■ Kópavogur - Dalvegur ■ Mosfellsbær - Blíðubakki

- Ljóst að um 180.000 gestir endurvinnslustöðva þurfa árlega að leita á aðrar stöðvar SORPU frá 1. september 2025
- Það mun líklega valda álagi á innviði annarra endurvinnslustöðva, sem þegar eru þandar
- Þessari stöðu þarf að mæta með fjölda aðgerða

Aðgerðir til að mæta lokun Dalveggar - I



- Óska eftir heimild til að koma frá 1. september 2025 upp tímabundinni endurvinnslustöð á þeirri lóð sem verður fyrir valinu á Glaðheimasvæðinu og reka þangað til framkvæmdir hefjast við nýja stöð á lóðinni
 - Þetta myndi draga verulega úr þörf fyrir að grípa til annarra aðgerða sem hér eru upp taldar, þar sem að með þessu væri stöð skotið undir endurvinnslustöðvanetið
- Óska eftir heimild til tímabundinna afnota af lóð hverfisstöðvar Breiðholts, sem liggur við hlið endurvinnslustöðvarinnar við Jafnasel, til að stækka stöðina
 - Hverfisstöð Breiðholts er á förum og með minniháttar framkvæmdum væri hægt að efla endurvinnslustöðina við Jafnasel þannig að hægt verði að auka afköst stöðvarinnar verulega og mæta þannig þeirri stöðu sem skapast þegar stöðin við Dalveg lokar
- Kynna með markvissum hætti endurvinnslustöðina við Breiðhelli fyrir gestum endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg
 - Endurvinnslustöðin við Breiðhelli er sú stöð sem á auðveldast með að taka á móti fleiri gestum en nú er. Með markvissri kynningarherferð verður stefnt að því að beina sem flestum gestum Dalveggar á Breiðhelli

Aðgerðir til að mæta lokun Dalveggar - II



- Færa Efnismiðlun Góða hirðisins af Sævarhöfða á Köllunarklettsveg 1, og efla hana við Breiðhelli
 - Efnismiðlun Góða hirðisins við Sævarhöfða færðist í lok árs 2024 undir þak Góða hirðisins við Köllunarklettsveg 1, til að hefja undirbúning að lokun endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg.
 - Með þessu er stefnt að því að draga úr aðsókn á Sævarhöfða og stytta þann tíma sem heimsóknir gesta taka á stöðinni
 - Stöðvarnar við Sævarhöfða og Jafnasel eru næstar stöðinni við Dalveg, og því líkur á að flestir íbúar Kópavogs og Garðabæjar leiti þangað
 - Stöðvarnar eru hins vegar báðar við þolmörk, og mikilvægt að beina sem flestum gestum frá þeim, og á stöðina við Breiðhelli
- Skoða að fækka úrgangsflokkum í Jafnaseli
 - Endurvinnslustöðin við Jafnasel er lítil og á nú þegar erfitt með að anna með góðu móti öllum heimsóknum. Til að draga úr aðsóknnum á stöðina er til skoðunar að fækka þeim úrgangsflokkum sem í boði er að skila á stöðina. Þeir flokkar sem sérstaklega er horft á eru múrbrot, timbur, og flöskur og dósir

Aðgerðir til að mæta lokun Dalvegjar - III



- Skoða að lengja opnunartíma á Breiðhelli um helgar
 - Gestir á endurvinnslustöðvum SORPU hafa um nokkurt skeið kallað eftir að endurvinnslustöðvar opni fyrr um helgar. Sökum úr sér genginnar hönnunar flestra stöðva er erfitt að verða við þessu ákalli annarsstaðar en á Breiðhelli, sem er hönnuð þannig að hægt er að þjónusta hana og skipta út gámum á opnunartíma stöðvarinnar, án þess að teljanleg hættu skapist af
 - Þetta gerir það að verkum að til skoðunar er að opna stöðina við Breiðhelli fyrr um helgar til að jafna álag á endurvinnslustöðvar um helgar, og auka líkur á því að gestir sem nú sækja Dalveg geri stöðina við Breiðhelli að sinni stöð
- Efla stöðina við Breiðhelli enn frekar
 - Breiðhella er sú stöð sem getur tekið við flestum gestum. Stærð hennar og hönnun gera það að verkum að hægt er að efla hana enn frekar. Það verður gert á næstu mánuðum, meðal annars með bættum merkingum, meiri möguleikum á flokkun, öflugri Efnismiðlun, ósk um fjölgun á talningarvélum fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir, og fleira
 - Þær breytingar á Breiðhelli sem skila bestum árangri verða svo innleiddar á aðrar stöðvar



Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

Til: Stjórnar SORPU bs

Efni: Endurfjármögnun kúluláns Íslandsbanka

14. janúar 2025

Endurfjármögnun kúluláns

Í áætlun SORPU bs. fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir endurfjármögnun á kúluláni hjá Íslandsbanka. Var sú fyrirætlun kynnt í áætlun SORPU bs. og var hún samþykkt af stjórn á fundi nr. 507. dags 18.10.2024 og á eigendafundi nr. 51, dags 25.10.2024.

SORPA bs. óskar eftir heimild eigenda til að endurfjármagna kúlulán hjá Íslandsbanka nr. 505200687 frá dags 20.2.2019 að fjárhæð krónur 666.666.670,-. Lánið gjaldfellur dags 05.06.2025. Vaxtakjörin á láninu eru 10,75% og er SORPA bs. komin með lánsloforð hjá LSS til endurfjármögnunar á umræddu kúluláni með fyrirvara um samþykki stjórnar og eigenda SORPU bs.

Kjörin sem LSS býður upp á eru 4,2% verðtryggð.

Lagt er til að lánið verði endurfjármagnað með 15 ára láni frá LSS.

Heildarkostnaður lánsins verður um 872 milljónir króna að viðbættum verðbótum.

Árleg greiðslubyrði vegna lánsins verður um 72 milljónir árið 2026 að viðbættum verðbótum.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.



SORPA


Einkasurningar - Neyslukönnun 2024
Höfuðborgarsvæðið



Helstu niðurstöður


Flokkar þú eða þið á heimilinu ...?

Alltaf/Oftast (%) - Höfuðborgarsvæðið



Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart SORPU?


Meðaltal (1-5) - Kyn og aldur - Nýjasta mæling



Hversu oft að jafnaði ferð þú á endurvinnslustöðvar/grenndargáma SORPU?



Year




Tímabil: Year

Fjöldi skipta á ári - Höfuðborgarsvæðið

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ...?



Year




Tímabil: Year

Meðaltal (1-5) - Höfuðborgarsvæðið




Flokkun úrgangs

Flokkar þú eða þið á heimilinu pappír og pappa (t.d. dagblöð, bréfpokar, pitsakassar og pappírsumbúðir)?




Tímabil: Year

Flokkar þú eða þið á heimilinu plastumbúðir?




Tímabil: Year

Flokkar þú eða þið á heimilinu málma?




Tímabil: Year

Flokkar þú eða þið á heimilinu glerumbúðir?




Tímabil: Year

Flokkar þú eða þið á heimilinu fatnað, vefnaðarvörur og skó?




Tímabil: Year

Flokkar þú eða þið á heimilinu skilagjaldsskyldar umbúðir (áldósir, plastflöskur og glerflöskur)?



Tímabil: Year

Flokkar þú eða þið á heimilinu matarleifar?




Tímabil: Year



Ímynd SORPU


Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart SORPU?




Tímabil: Year




Hlutverk SORPU er að sinna móttöku og meðhöndlun úrgangs frá heimilum og fyrirtækjum. SORPA kemur hráefni til endurvinnslu, bæði héraðs og erlendis. SORPA sinnir ekki sorphirðu. Hversu vel eða illa telur þú að SORPA sinni hlutverki sínu?



Að hversu miklu leyti telur þú að SORPA komi í réttan farveg þeim úrgangi sem heimili og fyrirtæki skila rétt flokkuðum til SORPU?




Hvað telur þú að SORPA geri við þann úrgang sem kemst ekki í réttan farveg?



Þau sem segja að þeim úrgangi sem heimili og fyrirtæki skila rétt flokkuðum til SORPU sé að litlu eða engu leyti komið í réttan farveg voru spurð þessarar spurningar.

Hversu oft að jafnaði ferð þú á endurvinnslustöðvar SORPU?




Tímabil: Year



Þjónusta SORPU


Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu endurvinnslustöðva SORPU?



Tímabil: Year

Þau sem sögðust fara á endurvinnslustöðvar voru spurð þessarar spurningar.

Á hvaða endurvinnslustöð SORPU ferð þú oftast?



Tímabil: Year

Þau sem sögðust fara á endurvinnslustöðvar voru spurð þessarar spurningar.

Á hvaða endurvinnslustöð SORPU ferð þú oftast?




Greiningar

Búseta á höfuðborgarsvæðinu


- Mið- og Vesturbær, Seltjarnarnes
- Hlíðar, Laugardalur, Háaleiti
- Breiðholt
- Árbær, Grafarholt
- Grafarvogur, Kjalarnes
- Mosfellsbær
- Kópavogur
- Garðabær
- Hafnarfjörður

Fjöldi



■ Reykjavík - Ánanaust
 ■ Reykjavík - Jafnasel
 ■ Reykjavík - Sævarhöfði
 ■ Hafnarfjörður - Breiðhella
 ■ Kópavogur - Dalvegur
 ■ Mosfellsbær - Blíðubakki


Heilt yfir, hversu auðvelt eða erfitt finnst þér að koma úrgangi til skila á réttan stað þegar þú ferð á endurvinnslustöðvar SORPU?



Tímabil: Year

Þau sem sögðust fara á endurvinnslustöðvar voru spurð þessarar spurningar.


Hversu auðvelt eða erfitt finnst þér að fá aðstoð/upplýsingar hjá starfsfólki á endurvinnslustöðvum SORPU þegar þú þarft aðstoð?



Tímabil: Year

Þau sem sögðust fara á endurvinnslustöðvar voru spurð þessarar spurningar.


Hversu oft að jafnaði ferð þú með úrgang í grenndarstöðvar SORPU?



• Meðaltal - Fjöldi skipta á ári

Tímabil: Year


Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með grenndarstöðvar SORPU?




Tímabil: Year

Þau sem sögðust fara á grenndarstöðvar voru spurð þessarar spurningar.

Er eitthvað sem þú telur að SORPA geti gert betur? Fyrsta nefnt




Er eitthvað sem þú telur að SORPA geti gert betur? Fyrsta, annað og þriðja nefnt






Nýtt flokkunarkerfi

Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir þitt heimili að flokka heimilsúrgang í fjóra úrgangsflokka?




Tímabil: Year

Hvers vegna er það erfitt fyrir þitt heimili að flokka heimilisúrgang í fjóra úrgangsflokka?




Þau sem sögðu að það væri erfitt fyrir sitt heimili að flokka heimilisúrgang í fjóra úrgangsflokka voru spurð þessarar spurningar.

Notar þú bréfpoka við flokkun á matarleifum sem falla til á heimilinu?



Tímabil: Year

Hversu auðvelt eða erfitt finnst þér að nálgast bréfpoka undir matarleifar?



Tímabil: Year



Takk fyrir!